



Alþingi

Nefndasvið

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2018.

Tilvísun: 201811-0045

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk), 38. mál.

Vísað er til erindis dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk), 38. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að þetta mikilvæga mál er tekið á dagskrá Alþingis og tekur undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu:

Engum dylst að kennitöluflakk er mikil meinsemd og af einhverjum ástæðum hefur það fylgt íslensku atvinnulífi í áraraðir. Þó svo ekki sé til einhlít lagaleg skilgreining á því hvað felist í kennitöluflakki má telja að flestum sem koma að atvinnurekstri með einum eða öðrum hætti sé það nokkuð ljóst. Kennitöluflakk felur í sér misnotkun eigenda og stjórnenda á félagaforminu sem veitir þeim skjól vegna þeirrar takmörkuðu ábyrgðar sem eigendur bera á skuldbindingum félagsins. Þannig er skuldum vegna atvinnurekstrar safnað í eitt félag og síðan þegar félagið er komið í rekstrarleg vandræði er snarlega stofnað nýtt félag í sama atvinnurekstri með nýrri kennitölu og reksturinn færður þangað. Í gamla félaginu eru þá skildar eftir skuldbindingar sem að jafnaði fást ekki greiddar við gjaldþrotaskipti félagsins.

Oft er um að ræða skuldir við hið opinbera, vanskil á sköttum og gjöldum, en einnig skuldbindingar við aðra einkaaðila, birgja og fleiri, sem og vangoldin laun. Þessi háttsemi felur í sér samfélagslegt tjón þar sem skuldbindingar fást ekki greiddar og jafnframt bitnar háttsemin á þeim sem standa heiðarlega að sínum rekstri og fylgja leikreglum. Háttsemin er til þess fallin að ýta undir vantraust í garð atvinnulífsins og samkeppnisstaða þeirra sem fylgja leikreglum skekkist. Háttsemin eykur kostnað atvinnulífsins þar sem viðbrögð stjórnvalda eru að jafnaði að auka eftirlit og með því eykst kostnaður atvinnulífsins. Í heild tapar samfélagið.

Alþýðusamband Íslands áréttar þá skoðun sína að kennitöluflakk er alvarleg meinsemd í íslensku atvinnulífi sem ber að uppræta og hefði átt að vera búíð að gera fyrir löngu síðan.

Frá árinu 2013 hefur Alþýðusambandið haft baráttuna gegn kennitöluflakki ofarlega í sinni kröfugerð og hvatt til aðgerða í þeim efnum. Með [samkomulagi við Samtökum atvinnulífsins um mitt ár 2017](#) náðist mikilvægur áfangi í þessum efnum. Samkvæmt þeim tillögum sem



Þar eru settar fram er lögð til nokkuð önnur leið en frumvarpið gerir ráð fyrir. Leið sem ætlað er að vera skjótvirkari og er jafnframt ætlað að ná til „skuggastjórnenda“. Með tillögunum er dregin lærdómur af reynslu nágrannaþjóðanna og byggja þær á sömu meginsjónarmiðum.

Tillögur ASÍ og SA hafa síðustu misseri verið til umfjöllunar í atvinnuvegaráðuneytinu með aðkomu fleiri ráðuneyta. Alþýðusambandið fagnar því að til stendur skv. þingmálaskrá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að leggja fram frumvarp um kennitölufلاك í janúar nk. og væntir þess að frumvarpið byggi á framangreindum tillögum. Jafnframt væntir Alþýðusambandið stuðnings flytjenda þessa frumvarps við sjónarmið sambandsins, enda um sameiginlegar áherslur að ræða.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (kennitölufلاك), 38. mál.

Þann 16. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) við ofangreint frumvarp. Tilgangur frumvarpsins er að reyna að draga úr kennitölufلاكki.

Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 að stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga megi ekki á næstliðnum þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö eða fleiri félög sem orðið hafa gjaldþrota. Þannig sé um hæfisskilyrði að ræða sem einstaklingar sem ætla að stofna fyrirtæki, gerast stjórnarmenn eða eru ráðnir sem framkvæmdastjórar þurfa að uppfylla.

Félagsmenn FA hafa ekki farið varhluta af þeirri meinsemd sem kennitölufلاكk er í íslensku viðskiptalífi og fagnar félagið því að reynt sé að leita leiða til að koma í veg fyrir það. Það er þó mat félagsins að þær breytingartillögur sem frumvarpið kveður á um kunni að draga úr heilbrigðri áhættutöku við stofnun fyrirtækja og fæli fólk frá því að taka að sér stöðu stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Tillagan geri engan greinarmun á þætti þartilgreindra aðila í gjaldþroti félags.

Sem dæmi má nefna stjórnarmann í tveimur félögum, einu sem fer í þrot af eðlilegum ástæðum og öðru sem fer í þrot vegna óhóflegrar skuldsetningar meirihluta stjórnar þar sem hann hefur lagst gegn skuldsetningunni. Þá kunna utankomandi óviðráðanlegar ástæður að stuðla að gjaldþrotum fyrirtækja líkt og gerðist í efnahagshruninu en ekki er óalgengt að einstaklingar sitji í stjórnnum tveggja fyrirtækja. Við slíkar aðstæður væri það ekki vænlegt að einstaklingar sem hafa reynslu og þekkingu á rekstri fyrirtækja hefðu ekki kost á að stofna fyrirtæki á nýjum grunni, gegna stjórnarsetu eða starfa sem framkvæmdastjórar.


Er það mat félagsins að breytingartillaga frumvarpsins takmarki rétt manna til að stofna félög, sitja í stjórnnum eða gegna starfi framkvæmdastjóra með of almennum hætti. Til að vinna gegn kennitölufلاكki án þess að skaða viðskiptalífið sé það farsælli leið að veita ríkisskattstjóra auknar valdheimildir til beitingar í tilvikum þar sem embættið hefur metið að um kennitölufلاكk sé að ræða. Slíkar heimildir þurfa þó að vera sértækar. Í þessu sambandi mætti einnig leggja sérstaka áherslu á skyldur skiptastjóra þrotabúa til að tilkynna grun um kennitölufلاكk um leið og grunur kemur upp.

FA vill í tengslum við framangreint ítreka sjónarmið félagsins um þörf á breytingu á 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 en ákvæðið kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti stofnað söluveð í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Þetta er brýnt hagsmunamál innflytjenda og heildsala, sem verða oft fyrir verulegu tjóni við gjaldþrot fyrirtækja vegna þess að eignarhald þeirra á vörum, sem hafa verið afhentar en ekki greiddar, er ekki tryggt. Tjón fyrirtækjanna er iðulega

hlutfallslega stórt samanborið við tjón stærri kröfuhafa og kann að hafa áhrif á fjöldann allan af smærri fyrirtækjum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
V.t. efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2018.

Efni: Umsögn KPMG ehf. um 38. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, með síðari breytingum (kennitölufلاك), á þingskjal 38.

Samkvæmt tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 16. nóvember 2018 er KPMG ehf. (hér eftir nefnt „KPMG“) gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Af því tilefni sér KPMG ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar eru lagðar til tvær samhljóða breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, sem og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Annars vegar er lagt til að við 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, og sömu greinar laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, verði bætt við orðalagi sem felur í sér, að stofnandi einkahlutafélags, í tilviki einstaklinga, skuli ekki, á síðustu þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.

Hins vegar er lagt til að við 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum, sem og 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum, bætist við málsgrein sem kveður á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar mega ekki á síðustu þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.

Af greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að vilji flutningsmanna standi til þess að koma í veg fyrir kennitölufلاك, eins og hugtakið er þar skilgreint. Vísað er til þess meðal annars að ákveðin hættu kunni að vera á því að lagabreytingar sem ætlað er að koma í veg fyrir kennitölufلاك reynist of þýngjandi fyrir atvinnulífið og hamli þar eðlilegri þróun. Þá þurfi einnig að horfa til þess að ekki sé gengið of nærri atvinnufrelsi manna sem varið er af atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Ísland, nr. 33/1944, með síðari breytingum, en það sé mat flutningsmanna það sé ekki gert með þeim lagabreytingatillögum sem lagðar eru til.

KPMG telur varhugavert að sett sé bann sem felur í sér að framangreindir aðilar, eftir atvikum, stofnandi, stjórnarmaður, eða framkvæmdastjóri einkahluta- eða hlutafélags, sem hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota, á þriggja ára tímabili, geti stofnað eða verið í forsvari fyrir einkahluta- eða hlutafélag.

Í þessu sambandi er vert að nefna að nokkuð algengt er í íslensku atvinnulífi að lögmenn, lögfræðingar, sem og aðrir aðilar í íslensku atvinnulífi, taki sér sæti í stjórn, eða framkvæmdastjórn í félögum, sem hluti af eðlilegum og venjubundnum störfum viðkomandi aðila, s.s. í hlutverki sérfræðinga vegna félaga sem eru að ganga í gegnum endurskipulagningu á rekstri, eða eru í greiðsluferfiðleikum og hafa e.t.v. leitað úrræða laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, með síðari breytingum, sem kunna að leiða til óhjákvæmilegra gjaldþrotaskipta viðkomandi félaga. Bagalegt getur verið að hefta störf viðkomandi aðila með framangreindum lagabreytingatillögum í slíkum, eða sambærilegum tilvikum.


Eins segir í frumvarpinu að gætt sé meðalhófs með framangreindum lagabreytingatillögum með þeim hætti að ekki sé horft framhjá því að eðlilegar ástæður kunni að vera fyrir gjaldþrotum fyrirtækja, á þeim grundvelli að um tiltekinn fjölda fyrirtækja sé um að ræða sem þurfi að fara í gjaldþrot yfir umrætt tímabil, svo bannið eigi við.

Í þessu sambandi telur KPMG rétt að vekja athygli á því, þrátt fyrir framangreint, að umræddar lagabreytingatillögur gera engan greinarmun á eðli þeirra ástæðna er kunna að leiða til gjaldþrotaskipta, þ.e. enginn greinarmunur er gerður annars vegar á gjaldþrotaskiptum, þar sem ásetningur forsvarsmanna félags er að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er, sem og að eignum eða réttu andvirði þeirra sé ráðstafað upp í skuldir eftir ákvæðum laga, og hins vegar gjaldþrotaskipta, þar sem ásetningur til kennitöluflakks kemur, eftir atvikum, í ljós á síðari stigum, eða er til staðar frá upphafi. KPMG telur rétt og eðlilegt að framangreindar lagabreytingatillögur taki tillit til eðli þeirra ástæðna er leiða til gjaldþrotaskipta.

Að öðru leyti tekur KPMG undir það sem segir í umræddu lagafrumvarpi um það sem kennitölufلاك getur falið í sér fyrir íslenskt samfélag, en telur engu að síður rétt að ítreka að það sé mikilvægt, með vísan til alls framangreinds, að lagabreytingar gegn kennitöluflakki reynist ekki of íþyngjandi fyrir atvinnulífið, né gangi of nærri atvinnufrelsi manna sem varið er af 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Ísland, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.






Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2018
R2018110027/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitölulakk) – 38. mál, þskj. 38

Ríkisskattstjóri hefur þann 16. nóvember 2018 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp. Telur embættið ástæðu til að gera neðangreindar athugasemdir við efni þess.

I.

Með umræddu frumvarpi er lögð til sú breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, að við 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. beggja laga bætist: „og ekki hafa á síðustu þremur árum verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.“ Einnig eru lagðar til breytingar á 66. gr. laga um hlutafélög og 42. gr. laga um einkahlutafélög. Við framangreindar greinar bætist ný málsgrein: „Stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar mega ekki á síðustu þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö félög eða fleiri sem hafa orðið gjaldþrota.“ Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að það er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir kennitölulakk.

II.

Ríkisskattstjóri lýsir stuðningi við allar þær breytingar á lögum sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir kennitölulakk. Breytingarnar sem hér eru lagðar til lúta annars vegar að 3. gr. laga um hlutafélög og einkahlutafélög og varða hæfi stofnenda, en hins vegar að 66. gr. laga um hlutafélög og 42. gr. laga um einkahlutafélög er varða hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Í breytingu á 3. gr. laga um hlutafélög og laga um einkahlutafélög er fjallað um stofnendur sem á síðustu þremur árum „hafa verið í forsvari fyrir“ tvö eða fleiri félög. Ekki er skýrt nánar hvað átt er við með orðasambandinu „hafa verið í forsvari fyrir“. Af athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu mætti ráða að það eigi við um aðila sem verið hafa stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar tveggja eða fleiri félaga. Nauðsynlegt er að skilgreining á þessu orðasambandi komi fram í lögnum eða í lögskýringargögnum. Hæfisreglur laganna taka einnig til varamanna, sbr. 9. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 9. mgr. 39. gr. laga um einkahlutafélög.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að undir þá breytingu sem hér er lögð til falli einnig stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar sem hætt hafa störfum áður en félag varð gjaldþrota og það fært undir stjórn svokallaðra útfararstjóra sem síðan „ganga með“ fyrirtækið í gjaldþrot. Í 66. gr. laga um hlutafélög er fjallað um þá sem eru hæfir til að vera kosnir í stjórn félags. Ef ætlun flutningsmanna er að þær breytingar sem frumvarpið leggur til leiði til þess að stofnendur félaga, svo og aðilar sem kosnir eru til setu í stjórn og ráðnir framkvæmdastjórnar, megi ekki hafa verið í forsvari fyrir félög sem hafa orðið gjaldþrota á síðustu þremur árum, þarf það að koma skírt fram í lögnum, þ.e. að bannið á við forsvarsmenn sem komið hafa að félaginu síðustu þrjú ár.

Einnig þarf að koma fram frá hvaða tíma slíkt bann gildi. M.ö.o. skírt þarf að vera hvort að banninu er ekki einungis ætlað að gilda um atvik sem áttu sér stað eftir gildistöku laganna heldur sé lögnum ætlað að gilda hvað þetta varðar með afturvirkum hætti, þ.e. að taka ekki eingöngu til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra á því tímamarki sem félagið fór í gjaldþrot eftir gildistöku laganna, heldur taki til allra þeirra aðila „sem voru í forsvari fyrir“ félagið á síðustu þremur árum fyrir gjaldþrot þess, jafnvel þó að viðkomandi hafi þannig farið með forsvar félagsins fyrir gildistöku laganna.

Ríkisskattstjóri telur að skoða þurfi þennan þátt betur varðandi gildissviðið.

Rétt er að vekja athygli á því að til að lagabreyting þessi nái tilgangi sínum þarf að tryggja að fyrirtækjaskrá berist upplýsingar frá skiptastjórum um þau félög sem orðið hafa gjaldþrota og þá aðila sem að þeim stóðu, þ.e. sem „voru í forsvari fyrir þau“. Er þess þörf þrátt fyrir að hlutafélagaskrá annist almennt afskráningu félaga sem slitið hefur verið, og tilkynnt hefur verið um, ásamt því að tilgreindar séu í einhverju mæli forsendur afskráningar.

Samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 148. gr. laga um hlutafélög skal fylgja tilkynningu til hlutafélagskrár um stofnun hlutafélags skrifleg yfirlýsing um að þeir sem að stofnun félagsins standa, þ.e. stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðunar- og skoðunarmenn, uppfylli hæfisskilyrði. Ástæða kann að vera til að hnykkt yrði á þessum skilyrðum um upplýsingar um hæfi og/eða framlagningu gagna við skráningu, þar sem umstangsmikið kann að reynast að bregðast við síðar hafi hæfisskilyrði ekki verið uppfyllt í upphafi.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Jónína Jónasdóttir

Helga Valborg Steinarsdóttir



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk)

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, SVP - Samtök verslunar og þjónustu, Samorka og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi („samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk).

Kennitöluflakk hefur verið meinsemd í íslensku atvinnulífi til fjölda ára en í því felst að viðkomandi félag hættir starfsemi en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu enda sé markmiðið með gjaldþrotinu að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins. Það sem aðgreinir kennitöluflakk frá hefðbundnu gjaldþroti fyrirtækja er fyrst og fremst ásetningurinn sem liggur að baki gjaldþrotinu. Í hefðbundnu gjaldþroti stendur ásetningur stjórnenda til þess að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er ólíkt kennitöluflakki. Kennitöluflakki má skipta í tvennt eftir því hvort ásetningur til þess að standa ekki við lagalegar skuldbindingar sé til staðar frá upphafi eða síðar þegar greiðsluferfiðleikar gera vart við sig.

Samtökin telja mikilvægt að rekstrarumhverfi fyrirtækja sé þannig úr garði gert að það séu litlar aðgangshindranir og auðvelt og kostnaðarlítið sé að hefja rekstur, svigrúm sé til hóflegar áhættutöku en á sama tíma sé regluverkið þannig úr garði gert að það veiti tilskilda vernd gegn misnotkun á hlutafélagaforminu, m.a. í formi kennitöluflakks.

Það er ekki auðvelt verkefni fyrir löggjafann að takast á við kennitöluflakk þar sem of vægt regluverk nær ekki að leysa vandamálið með fullnægjandi hætti en of strangt regluverk getur á hinn bóginn komið í veg fyrir lögmæta og arðvænlega atvinnustarfsemi. Freistandi er fyrir löggjafann að reyna að taka á kennitöluflakki með hlutlægum viðmiðunum þar sem enginn greinarmunur er gerður á tilefni gjaldprotaskipta eða rekstraraðstöðum. Sú leið sem hér er lögð til er dæmi um slíka leið. Noregur var með sambærilega reglu í átta ár eða frá 1976 til 1984 en hvarf frá henni vegna mikillar gagnrýni sem reglan hafði sætt, m.a. vegna þess hversu erfiðleikum bundið var að fá fólk til þátttöku í stjórnnum félaga (Konkursráðets betænkning um konkurskarantæne nr. 1525/2011, bls. 8). Sú leið sem hér er lögð til er því til þess fallin að draga úr nauðsynlegri hóflegri áhættutöku í hagkerfinu sem er forsenda hagvaxtar og bættra lífskjara. Samtökin geta því ekki stutt frumvarpið þótt ásetningurinn sé góður.

Samtökin settu á fót starfshóp um leiðir til að sporna gegn kennitöluflakki í júní 2016. Starfshópurinn leitaði til sérfræðinga víðsvegar að úr atvinnulífinu og skilaði af sér tillögum sem voru samþykktir af stjórnnum samtakanna. Samtökin fólu Samtökum atvinnulífsins að taka upp viðræður við Alþýðusamband Íslands („aðilar vinnumarkaðarins“). Aðilar vinnumarkaðarins kunngerðu tillögur sínar, *Stöðvum kennitöluflakk* 20. júní 2017 á sérstökum fréttamannafundi auk þess að kynna þær sérstaklega fyrir fjármálaráðherra og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar ásamt þeirra aðstoðarmönnum og helstu sérfræðingum úr ráðuneytum.

Að mati aðila vinnumarkaðarins er ein meginástæða þess að ekki hafi náðst viðunandi árangur í að sporna gegn kennitöluflakki og annarri misnotkun á hlutafélagaforminu vandkvæði við að færa sönnur



á að einstaklingur hafi sýnt af sér refsiverða háttsemi í störfum sínum sem stjórnandi félags. Þá líður almennt mjög langur tími frá því að brot er framið þar til dómur fellur í sakamáli. Afleiðingin er sú að í framkvæmd stendur almenningur, svo sem ríkissjóður, lífeyrissjóðir, starfsmenn og fyrirtæki nær berskjaldaðir gegn kennitöluflökkurum og öðrum þeim sem misnota hlutafélagaformið. Staðan á Íslandi er því um margt lík og hún var í Danmörku áður en lög um tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaðri ábyrgð tóku þar gildi 1. janúar 2014 (Karsten Engsig Sørensen: Konkurskarantæne“, bls. 170).

Aðaltillaga aðila vinnumarkaðarins lýtur af því að hér á landi verði lögfest líkt og í öllum nágrannalöndum okkar heimild til þess að geta svipt þá aðila sem teljast vanhæfir á grundvelli óverjandi viðskiptahátta eða rökstudds gruns um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, tímabundið heimild sinni til að taka þátt í stjórnun félaga með takmarkaðri ábyrgð. Tilgangurinn með heimildinni er ekki að refsa heldur að vernda kröfuhafa og almenning en sams konar heimild á Norðurlöndunum hefur ekki verið talin fela í sér refsingu eða refsikennd viðurlög í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. t.d. mál Mannréttindadóms Evrópu nr. 12277/04 Storbráten gegn Noregi og Mjelde gegn Noregi. Heimildin er að jafnaði nýtt í um 10% gjaldþrotaskipta.

Samtökin fagna því að það standi til skv. þingmálaskrá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að leggja fram frumvarp skv. tillögum aðila vinnumarkaðarins nú í janúar. Samtökin eru meira en tilbúin til að funda um efnið sé þess óskað að hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samorku

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jón Kristinn Sverrisson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

f.h. Samtök iðnaðarins

f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu